

Júlí 2019



Ársskýrsla utanríkisráðherra 2018

Efnisyfirlit

Ávarp utanríkisráðherra	3
Samantekt um starfsemi utanríkisráðuneytisins	4
Rekstur málefnasviða og málaflokka	6
Heildarútgjöld málefnasviða og málaflokka	7
Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna	9
Utanríkismál	10
Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	29

Ávarp utanríkisráðherra

Alþjóðleg samvinna og þátttaka í alþjóðaviðskiptum er undirstaða hagsældar á Íslandi að mati drjúgs meirihluta þjóðarinnar. Þetta sýnir könnun sem utanríkisráðuneytið lét nýverið gera. Til marks um traust landsmanna í garð þeirra alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að er sú staðreynd að þeir telja að seta Íslands í mannréttindaráðinu geti haft áhrif á mannréttindi í heiminum. Niðurstöðurnar eru því í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að Ísland gegni leiðandi hlutverki á alþjóðavettvangi og vinni ötullega að mannréttindum, friði og sjálfbærri þróun.

Virk þátttaka á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana skiptir Ísland höfuðmáli því með henni stöndum við vörð um þjóðarétt, grundvallarforsendu í samskiptum ríkja. Í fyrra hlaut Ísland víðtækan stuðning til setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, sem er ein mesta vegsemd sem okkur hefur hlotnast á alþjóðavettvangi. Í samvinnu vestrænna ríkja hefur Ísland líka markað sér sess. Þannig er kjarninn í alþjóðlegu samstarfi Íslands á sviði öryggis- og varnarmála aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin.

Á liðnu ári var lagður grunnur að nýsamþykktri þróunarsamvinnustefnu þar sem heimsmarkmiðin eru leiðarljós. Í nýrri skýrslu utanríkisráðuneytisins er lagt til að mótuð verði heildræn stefnumið um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu og áréttað að mannréttindi verði lögð til grundvallar í þróunarsamvinnu með þátttöku íslensks atvinnulífs. Þannig stuðlum við að því að íslensk sérþekking á sviði mannréttinda og sjálfbærni nýtist sem best.

Lífleg utanríkisviðskipti eru forsenda áframhaldandi hagsældar og bættra lífskjara á Íslandi. Sístækkandi fríverslunarnet Íslands, nýhafid viðskiptasamráð við Bandaríkin, aukið samráð og samningar við japönsk stjórnvöld og bætt útflutningsskilyrði fyrir landbúnað til Kína sýna glögggt að utanríkisþjónustan getur opnað atvinnulífinu dyr. Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu hefur verið undirbúin vandlega af hálfu íslenskra stjórnvalda og það sama gildir um styrkingu hagsmunagæslu fyrir almenning og atvinnulíf á vettvangi EES, sem er einn mikilvægasti alþjóðasamningur Íslands.

Ekki má gleyma borgaraþjónustu utanríkisþjónustunnar sem er reiðubúin við að aðstoða Íslendinga í neyð erlendis allan sólarhringinn allan ársins hring. Ég lít þó svo á að þjónustuhlutverk utanríkisþjónustunnar sé mun víðtækara og að við vinnum öll sem eitt í þágu allra Íslendinga. Íslendingar vilja búa í sjálfbærum, friðsælum heimi þar sem allir njóta mannréttinda, öryggis og ávinnings af frjálsum viðskiptum. Fjárfesting í alþjóðlegri samvinnu hefur hingað til borið ríkulegan ávöxt og ef rétt er að verki staðið má tryggja að svo verði áfram.




Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

Samantekt um starfsemi utanríkisráðuneytisins

Utanríkisþjónustan gætir hagsmuna almennings og atvinnulífs á erlendri grund og vinnur að framgangi grunnilda íslensks samfélags á heimsvísu.

Borgarþjónustan veitir íslenskum ríkisborgurum erlendis aðstoð þegar á þarf að halda, víðtækir viðskiptasamningar opna íslenskum fyrirtækjum markaði, varnarsamstarf tryggir öryggi borgaranna og með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi og þróunarsamstarfi vinnur utanríkisþjónustan að því að efla virðingu fyrir mannréttindum allra, velsæld og friði.

Skipurit utanríkisráðuneytisins



Utanríkisþjónustan greinist annars vegar í utanríkisráðuneytið og hins vegar í sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur sem nefnast einu nafni sendiskrifstofur.


Ísland starfrækir 26 sendiskrifstofur í 21 ríki, þar af 17 tvíhliða sendiráð, fimm fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur. Alls starfa 286 manns í utanríkisráðuneytinu og fjölgaði þeim um 15 frá árinu á undan. Af þessum 286 störfuðu 149 manns hér á landi og 139 manns erlendis, þar af voru 76 staðarráðnir og 63 útsendir starfsmenn.

Sjá [ítarupplýsingar um sendiskrifstofur](#) á vef stjórnarráðsins.

Fjölgun starfsfólks skýrist að mestu af tímabundnum verkefnum og undirbúningi fyrir þau. Þar má nefna formennsku í Norðurskautsráðinu og Norrænu ráðherra-nefndinni, hagsmunagæslu vegna Brexit og setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna og stjórn Alþjóðabankans. Í ráðuneytinu eru 11 konur og 24 karlar í stöðu sendiherra, þar af einn í leyfi.

Kjöræðismenn Íslands, sem ekki þiggja laun fyrir vinnuframlag sitt, eru mikilvægir útverðir utanríkisþjónustunnar og framlag þeirra ómetanlegt, ekki síst á sviði borgarþjónustu og viðskiptaþjónustu. Í dag eru þeir 213 í 90 ríkjum. Kjöræðismenn erlendra ríkja hér á landi eru nú 68.

Samstarf ríkja á vettvangi efnahagsmála, viðskipta, varna og stjórnmála



Rekstur málefнасviða og málaflokka

Árið 2018 féll eitt málefнасvið undir utanríkisráðuneytið, utanríkis- mál. Skiptist málefнасviðið í fimm málaflokka, utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála, utanríkisviðskipti, samstarf um öryggis- og varnarmál, þróunarsamvinna og samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs. Árið 2020 verður málefнасviðinu skipt upp í tvö málefнасvið og þróunarsamvinna gerð að sérstöku málefнасviði 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna.

Rekstur málefнасviða og málaflokka

Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir rekstrarafkomu þeirra málaflokka og málefнасviðs sem utanríkisráðherra ber ábyrgð á. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í milljónum króna að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við áætlanir ársins 2018 ásamt uppsöfnuðum frávikum frá fyrri árum. Athugið að í framsetningunni hér fyrir neðar tákna neikvætt frávik afgang en jákvætt frávik halla.

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik
4 Utanríkismál	15.106	14.728	378	2,6%	1.348	-970	-6%
0410 - Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	5.183	5.323	-140	-2,6%	78	-218	-4%
0420 - Utanríkisviðskipti	752	752	0	0,0	0	0	0%
0430 - Samstarf um öryggis- og varnarmál	1.880	1.786	94	5,3%	154	-59	-3%
0440 - Þróunarsamvinna	5.966	5.343	623	0,0	1.116	-494	-8%
0450 - Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs	1.325	1.524	-199	-13,0%	0	-199	-13%

Fjárhæðir í milljónum króna

Fjárfestingar málefнасviða og málaflokka

Taflan hér fyrir aftan sýnir hins vegar útgjöld vegna fjárfestinga, í milljónum króna í samanburði við áætlun ársins 2018 ásamt uppsöfnuðum frávikum.

Málaflokkar	Ráðstafað á árinu	Til ráðstöfunar á árinu	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Óráðstafað á árinu
4 Utanríkismál	84	97	0	13
0410 - Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	59	59	0	0
0430 - Samstarf um öryggis- og varnarmál	12	0	0	-12
0440 - Þróunarsamvinna	13	38	0	25

Fjárhæðir í milljónum króna

Ráðstöfun varasjóðs

Einn varasjóður er fyrir málefnasviðið og fellur hann undir málaflokkinn Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála. Í upphafi árs 2018 var sjóðurinn 100 milljónir króna og var honum öllum ráðstafað á fjárlagviðfangið 03-101-101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa til að mæta óvæntum útgjöldum meðal annars vegna nýrra verkefna.

Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	100
03-101-101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa	100
Staða varasjóðs í lok árs	0

Fjárhæðir í milljónum króna

Heildarútgjöld málefnasviða og málaflokka

Heildarútgjöld, þ.e. samanlögð rekstar- og fjárfestingarútgjöld, þeirra málaflokka og málefnasviða sem utanríkisráðuneytið ber ábyrgð, nam 15,2 milljarði króna árið 2018. Að teknu tilliti til uppsafnaðra fjárheimilda frá fyrri árum var afkoman jákvæð um 983 milljónir króna eða sem nemur 6%. Stærsti hlutinn skýrist af 494 milljón króna afkomu af þróunarsamvinnu, en allir málaflokkarnir skiluðu jákvæðri afkomu. Nánar er fjallað um afkomu einstaka málaflokka hér á eftir.

4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála

Rekstrarfjárheimild til ráðstöfunar var samtals 5.401,4 milljónir króna á árinu 2018 að meðtöldum 78 milljónum króna frá fyrra ári. Rekstrargjöld málaflokksins námu 5.183 milljónum króna og uppsafnað frávik því 218 milljónum króna afgangur. Rekstur málaflokksins var 2,6% undir áætlun ársins. Mestu frávikin voru á fjárlagaliðnum Ýmis verkefni en þar var reksturinn innan ársins 21% undir áætlun. Skýrist þetta mikla frávik af því að verkefni tengd undirbúningi fyrir formennsku í Norðurskautsráðinu fluttust til í tíma. Útgjöld vegna fjárfestinga voru 59 milljónir króna og var afkoma ársins í jafnvægi.

Afkoma annarra fjárlagaliða voru innan við 1% af áætlun ársins.

4.20 Utanríkisviðskipti

Fjárveitingar til málaflokksins voru 752 milljónir króna á árinu 2018. Rekstrargjöld málaflokksins voru í samræmi við áætlun ársins og þar sem engar fjárheimildir voru fluttar á milli ára var afkoma ársins í jafnvægi.

Undir málaflokkinn falla einungis framlög til Íslandsstofu sjálfseignarstofnunar.

4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Rekstrarfjárheimild til málaflokksins nam 1.939 milljónum króna á árinu 2018, 1.786 milljónir króna samkvæmt áætlun ársins og 154 milljónum króna frá fyrra ári. Rekstrargjöld námu 1.880 milljónum króna og uppsafnað frávik í lok árs var

Því 59 milljóna króna afgangur. Tafir urðu á framkvæmdum vegna svokallaðs ACCS verkefnis vegna utanaðkomandi ástæðna. Framlög vegna verkefnisins á árinu voru 72 m.kr. og voru 12 m.kr. af því framlagi nýttar til fjárfestinga.

Engar fjárheimildir voru veittar til fjárfestinga á árinu en þrátt fyrir það námu fjárfestingar 12 milljónum króna á árinu og því halli sem því nam á árinu.

Rekstrarútgjöld málaflokksins 4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál voru 94 milljónum umfram áætlunir innan ársins 2018 en að teknu tilliti til uppsafnaðra frávika árána á undan var 59 milljóna króna afgangur.

4.40 Þróunarsamvinna

Rekstrarfjárheimildir málaflokksins námu 6.460 milljónum króna árið 2018, þar af voru 5.343 milljónir króna samkvæmt áætlun ársins og 1.116 milljónir króna voru uppsafnaðar frá fyrra ári.

Fjárheimildir til fjárfestinga námu 38 milljónum króna á árinu. Útgjöld vegna fjárfestinga námu 13 milljónum króna og var 25 milljónum óráðstafað í árslok.

Á árinu var stofnaður nýr samstarfssjóður við atvinnulíf um heimsmarkmið SP. Sjóðurinn er tilraunaverkefni til þriggja ára og var honum hleypt af stokkunum í nóvember. Því reyndist ekki unnt að úthluta úr sjóðnum á árinu. Ný verkefni svæðasamstarfs í Sierra Leóne og Líberíu hófust einnig á árinu. Starfsemin hófst seinna en áætlað var og því urðu tafir á greiðslum til verkefnanna. Vegna þessara tafa á greiðslum og úthlutunum nam rekstrarafgangur 494 milljónum króna í lok árs.

4.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs

Undir málaflokkinn falla aðildargjöld Íslands vegna fjölþjóðasamstarfs þvert á verkefni sem falla undir málaflokkana sem fjallað hefur verið um hér að framan. Útgjöld vegna verkefna sem falla undir málaflokkinn sveiflast nokkuð milli ára og tekur hlutdeild Íslands reglulega breytingum í samræmi við reiknireglur hversrar stofnunar.

Fjárheimild málaflokksins nam 1.524 milljónum króna. Rekstrargjöld málaflokksins voru 1.325 milljónir króna og frávik frá áætlun því 199 milljónir króna afgangur sem stafar af utanaðkomandi þáttum, svo sem þróun gengis krónunnar, landsframleiðslu, þjóðartekna og breytingum á reiknireglum samstarfsstofnana. Engar ónýttar fjárheimildir voru fluttar frá fyrra ári þar sem þær falla niður í samræmi við 30. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Engin stefnumótun fer því fram í þessum málaflokki og ekki hafa verið skilgreind nein sértök markmið né mælikvarðar fyrir málaflokkinn.

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllun um árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna er kaflaskipt eftir málaflokkum þess málefna sviðs sem utanríkisráðherra hefur forræði yfir.

Uppbygging kaflanna er sambærileg þar sem markmið eru skilgreind, stöðumat er birt og þau verkefni tíunduð sem helst stuðluðu að framgangi viðkomandi markmiða. Árangursmælingar markmiða byggja annars vegar á mælikvörðum ársins 2018 í fjármálaáætlun 2018-2022 og hins vegar á aðgerðum ársins sem settar voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018.

Þróun markmiða og mælikvarða

Þau markmið og aðgerðir sem hér er fjallað um voru skilgreind með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018 en mælikvarðarnir voru settir fram í fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022. Nokkrar breytingar hafa orðið á markmiðum, aðgerðum og mælikvörðum, eftir atvikum, með fjármálaáætlun 2019-2023, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2018, og með fjármálaáætlun 2020-2024, sem samþykkt var á Alþingi í júní síðastliðnum. Gerð er grein fyrir breytingunum og ástæðum þeirra í viðkomandi fjármálaáætlunum.

Staða aðgerða eftir málaflokkum

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2018 er birt í myndinni hér að neðan. Alls voru skilgreindar 46 aðgerðir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018, þar af voru 32 hafnar eða langt komnar, 13 aðgerðum var lokið og ein aðgerð í undirbúningi. Staða aðgerðanna var nokkuð mismunandi og skýrist það af ólíku eðli málaflokkanna og eins af því að aðgerðirnar ná yfir mismörg tímabil. Hafa ber í huga að sumar aðgerðir falla undir fleiri en eitt markmið. Nánari skýring á stöðu einstakra aðgerða er að finna í umfjöllun um viðkomandi málaflokk.

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2018

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
4.1 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	11	11
4.2 Utanríkisviðskipti	3 7 2	12
4.3 Samstarf um öryggis- og varnarmál	1 8	9
4.4 Þróunarsamvinna	3 11	14
	Samtals aðgerðir 0 1 3 29 13	

Aðgerð ekki hafin Undirbúningur hafinn Aðgerð hafin Aðgerð komin vel á veg Aðgerð lokið

Utanríkismál Málefna svið 04

Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Undir málaflokkinn fellur bróðurpartur rekstrarkostnaðar utanríkisþjónustunnar, ráðuneytis og sendiskrifstofa og þau verkefni sem lúta að því að standa vörð um hag íslenskra ríkisborgara erlendis ásamt rekstri EES-samningsins, fríverslunar- og annara viðskiptasamninga, alþjóðlegri og svæðisbundinni samvinnu um frið og öryggi, þjóðarétt, mannréttindi og auðlinda- og umhverfismál.

Um þessar mundir er Ísland í forystuhlutverki á alþjóðavettvangi í ráðum, stjórnnum og nefndum sem veitir einstakt tækifæri til að upplýsa um helstu hagsmunamál Íslands á alþjóðavettvangi og afla sjónarmiðum Íslands stuðnings.

Í júlí 2018 var Ísland kjörið í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna og mun sitja í ráðinu út árið 2019. Það er eitt veigamesta hlutverk sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi og rökrétt framhald aukinnar áherslu á mannréttindi í íslenski utanríkisstefnu. Áherslur Íslands í ráðinu lúta að jafnréttismálum, réttindum hinsegin fólks, réttindum barna, umbótum á starfsemi mannréttindaráðsins og tengslum mannréttinda við umhverfismál. Umfangsmikið samráð á sér stað í tengslum við setu Íslands í ráðinu, sérstaklega við utanríkismálanefnd Alþingis og í stýrihópi Stjórnarráðsins um mannréttindi auk samráðs við einstaka stofnanir og frjáls félagasamtök. Fastafulltrúi Íslands í Genf gegnir varaformennsku í ráðinu.

Árið 2018 var unnið að undirbúningi fyrir formennskuhlutverk Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, samstarfi norrænna utanríkisráðherra (N5) og utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8) sem stendur yfir allt árið 2019. Ungt fólk, sjálfbær ferðaþjónusta og lífríki hafsins eru áherslumál-efni formennskunnar með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Verkefnin snúa einnig að norrænum forgangsmálum á borð við jafnrétti og stafræna og sjálfbæra þróun. Formennska Íslands í samstarfi utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna leggur áherslu á öryggismál, mannréttindi og mikilvægi alþjóðalaga og alþjóðastofnana, og málefni hafsins. Áhersla Íslands er á virðingu fyrir mannréttindum, alþjóðalögum og alþjóðastofnunum í formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019 og í NB8 samstarfi utanríkisráðherra.

Í maí 2019 tók Ísland við formennskukeflinu í Norðurskautsráðinu til tveggja ára eftir langan undirbúning. Norðurskautsráðið er mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða og alþjóðapólitískt vægi formennskunnar hefur aukist til muna á undanförunum árum. Yfirskrift formennsku Íslands „Saman til sjálfbærni á norðurslóðum“ endurspeglar í senn breyttar aðstæður í þessum heimshluta okkar og þær úrlausnir sem íslensk stjórnvöld tala fyrir. Fjögur megináherslusvið formennskunnar verða málefni hafsins, loftslagsmál og grænar lausnir í orkuframleiðslu, fólkið á norðurslóðum og styrking samfélaga, og efling Norðurskautsráðsins.

Markmið málaflokksins eru:

1. Að standa betur vörð um hag íslenskra borgara sem dvelja erlendis um lengri eða skemmri tíma og byggja upp og viðhalda tengslum við íslenska ríkisborgara erlendis.
2. Að standa betur vörð um grunngildi utanríkistefnu Íslands, lýðræði og virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð og verndun mannréttinda, jafnrétti allra, sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála.
3. Að standa betur vörð um sértæka hagsmuni Íslands, sérstaklega hvað varðar hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda, m.a. á norðurslóðum.

MARKMIÐ 1

Að standa betur vörð um hag íslenskra ríkisborgara sem dvelja erlendis um lengri eða skemmri tíma og byggja upp og viðhalda tengslum við íslenska ríkisborgara erlendis

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Þeir sem leita til borgaraþjónustunnar eru ánægðir með þjónustuna.	Ekkert viðmið sett.	Ekkert viðmið sett.	Í könnun frá maí 2019 töldu 62,5% þeirra sem höfðu, eða þekktu einhvern sem hafði, leitað til borgaraþjónustunnar hana veita fremur eða mjög góða þjónustu.
Regluleg og góð upplýsingamiðlun um öryggi á ferðalögum erlendis, m.a. á samskiptamiðlum (á skalanum 1-5).	5	Ekkert viðmið sett.	Upplýsingaáætlun v/ neyðarástands til staðar. Nýtt neyðarnúmer borgaraþjónustu auglýst. Samfélagsmiðlanet UTN nær til 180 þús. manns.
Viðbrögð við neyðarástandi erlendis eru samræmd með öðrum Norðurlöndum og viðbragðsaðilum innanlands og æfð reglulega (á skalanum 1-5).	4 - Engin æfing var haldin, þar sem erfitt var finna heppilega tímasetningu sem hentaði öllum.	Ekkert viðmið sett.	Engar mælingar lágu fyrir í árslok 2018.

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Eftirfylgni á endurskoðun stýrihóps um utanríkisþjónustu til framtíðar á forgangsröðun verkefna í utanríkisþjónustunni.	Í skýrslunni "Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi" var sett fram 151 tillaga um aðgerðir. Vinna við aðgerðirnar hófst haustið 2017 og í árslok 2018 voru 122 aðgerðir komnar í framkvæmd eða 80%.	2017-2018
Auka enn frekar virkni sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum til að auka skilvirka og skjóta upplýsingamiðlun, t.d þegar hættuástand skapast.	Fylgjendur utanríkisþjónustunnar á samfélagsmiðlum eru um 180 þúsund auk samfélagsmiðla Íslendingafélaga um víða veröld. Facebook-færslur utanríkisþjónustunnar voru skoðaðar 2,7 milljón sinnum.	2017-2018
Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefnaviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.	Myndbönd og myndrænt upplýsingaefni útbúið um helstu málefni utanríkisþjónustunnar fyrir almennig á Íslandi. Upplýsingapakki um land, þjóð og stefnumál fyrir erlenda miðla útbúinn í tengslum við HM 2018. Skýrsla ráðherra til Alþingis gerð aðgengilegri með myndrænni framsetningu. Skýrsla um málefni EES gefin út ásamt ársskýrslu ráðherra og landsáætlun um konur, frið og öryggi.	2017-2021

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Að standa betur vörð um grunnildi utanríkistefnu Íslands, lýðræði og virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð og verndun mannréttinda, jafnrétti allra, sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Utanríkisþjónustan nýti þau tækifæri sem gefast til að tala fyrir grunnildum í utanríkisstefnu Íslands (á skalanum 1-5).	a) Þriðja landsáætlun um UNSCR 1325 á lokastigi og jafnréttisáherslum haldið á lofti, m.a. með skipulagningu rakarastofuráðstefna. b) Unnið að framkvæmd þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland sem byggir á þessum grunnildum.	Ekkert viðmið sett.	Mælingar liggja ekki fyrir - unnið að gerð mælinga
Í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi er tekið mið af grunnildum í utanríkisstefnu Íslands (á skalanum 1-5).	Undirbúningur fyrir formennsku Íslands í Norður-skautsráði og Norrænu ráðherranefndinni gefur tækifæri til að tala fyrir áherslum Íslands.	Ekkert viðmið sett.	Mælingar liggja ekki fyrir - unnið að gerð mælinga

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Eftirfylgni á endurskoðun stýrihóps um utanríkisþjónustu til framtíðar á forgangsröðun verkefna í utanríkisþjónustunni.	Í skýrslunni "Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi" var sett fram 151 tillaga um aðgerðir. Vinna við aðgerðirnar hófst haustið 2017 og í árslok 2018 voru 122 aðgerðir komnar í framkvæmd eða 80%.	2017-2018
Styrkja stofnanir, verkefni og viðburði sem stuðla að aukinni virðingu fyrir mannréttindum, jafnrétti, þjóðarétti og mannúð á heimsvísu; bæði í samstarfi við aðra og að eigin frumkvæði sbr. t.d. rakarastofuviðburði, og fullgilda og staðfesta alþjóðlega samninga.	Ísland var kosið til setu í mannréttindaráði SP í júlí 2018. Málflutningur og málafylgja á vettvangi mannréttindaráðs SP, mannréttindanefndar allsherjarþingsins í New York, ÖSE í Vín og Evrópuráðsins í Strassborg.	2017-2021
Tryggja virka þátttöku í svæðisbundnu samstarfi, m.a. á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurskautsráðinu og standa vel að undirbúningi fyrir formennsku í norrænu samstarfi (N5+NB8) 2019 og Norðurskautsráðinu 2019-2021.	Formennska Íslands í Norðurskautsráðinu 2019-2021 undirbúin í viðtæku samráði við stofnanir innanlands sem og aðildarríki Norðurskautsráðsins og frumbyggjasamtök. Formennska Íslands í norrænu ráðherranefndinni, og N5 og NB8 samstarfi utanríkisráðherra, undirbúin sameiginlega. Virkt samstarf og fjöldi ráðherrafunda á Íslandi, þ.m.t. N5 og NB8 utanríkisráðherrar og norrænir forsætisráðherrar.	2017-2021
Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefnaviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.	Myndbönd og myndrænt upplýsingaefni útbúið um helstu málefni utanríkisþjónustunnar fyrir almennig á Íslandi. Upplýsingapakki um land, þjóð og stefnumál fyrir erlenda miðla útbúinn í tengslum við HM 2018. Skýrsla ráðherra til Alþingis gerð aðgengilegri með myndrænni framsetningu. Skýrsla um málefni EES gefin út ásamt ársskýrslu ráðherra og landsáætlun um konur, frið og öryggi.	2017-2021

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Að standa betur vörð um sértæka hagsmuni Íslands, sérstaklega hvað varðar hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda, m.a. á norðurslóðum

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Utanríkisþjónustan nýtir þau tækifæri sem gefast í tvíhliða og marghliða samskiptum til að vekja athygli á hagsmunum Íslands (á skalanum 1-5).	4	Ekkert viðmið sett.	Mælingar ekki til - Unnið að gerð mælikvarða
Í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi er tekið mið af sjónarmiðum Íslands (á skalanum 1-5).	4 – undirbúningur formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni sem og í Norðurskautsráðinu gefur tækifæri til að tala fyrir áherslum Íslands.	Ekkert viðmið sett.	Mælingar ekki til - Unnið að gerð mælikvarða

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Eftirfylgni á endurskoðun stýrihóps um utanríkisþjónustu til framtíðar á forgangsroðun verkefna í utanríkisþjónustunni.	Í skýrslunni "Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi" var sett fram 151 tillaga um aðgerðir. Vinna við aðgerðirnar hófst haustið 2017 og í árslok 2018 voru 122 aðgerðir komnar í framkvæmd eða 80%.	2017-2018
Tryggja hagsmuni Íslands í málefnum er varða sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar, með virkri þátttöku í samningaviðræðum, alþjóðlegum viðburðum og svæðasamstarfi, með nægum mannafla og virkri stefnumótun þvert á fagráðuneyti.	Norður-Íshafssamningurinn undirritaður. Áhersla á málefni hafsins í norrænni og NB8 formennsku Íslands. Þátttaka í viðræðum um nýjan alþjóðasamning um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja. Ísland kosið í framkvæmdaráð COFI á vettvangi FAO. Alþjóðasamstarf um endurnýjanlega orku eftt með stuðningi við Átak SP um sjálfbæra orku og IRENA.	2017-2019
Tryggja hagsmuni Íslands í alþjóðlegu samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, þ.m.t. framfylgd Parísarsáttmálans og samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu ábyrgða í loftslagsmálum.	Unnið að gerð samkomulags við ESB um sameiginlega framkvæmd skuldbindinga innan ramma Parísarsamningsins í loftslagsmálum. Málefni hafsins og tengsl við loftslagsmál sett á dagskrá í NB8 samstarfi utanríkisráðherra. Loftslagsmál er sérstakt áherslumál Íslands í vinnu að nýrri framtíðarsýn fyrir norrænu ráðherranefndina.	2017-2021
Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefnasviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.	Myndbönd og myndrænt upplýsingaefni útbúið um helstu málefni utanríkisþjónustunnar fyrir almenning á Íslandi. Upplýsingapakki um land, þjóð og stefnumál fyrir erlenda miðla útbúinn í tengslum við HM 2018. Skýrsla ráðherra til Alþingis gerð aðgengilegri með myndrænni framsetningu. Skýrsla um málefni EES gefin út ásamt ársskýrslu ráðherra og landsáætlun um konur, frið og öryggi.	2017-2021

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Utanríkisviðskipti

Utanríkisviðskipti eru lykill að hagsæld þjóðarinnar og ein af meginstoðum í utanríkisstefnu Íslands. EES-samningurinn og net viðskiptasamninga opna íslenskum fyrirtækjum markaði og með breytingum á Íslandsstofu hefur þjónusta og samráð við atvinnulífið verið eft. Hagsmunagæsla í tengslum við Brexit var umfangsmikil á árinu og fríverslunarnet Íslands stækkaði enn.

Í aldarfjórðung hafa samskipti Íslands og Bretlands byggt á EES-samningnum en svo verður ekki eftir að Bretland gengur úr ESB. Á grundvelli víðtækra hagsmunagreiningar hefur Ísland náð samningum við Bretland sem tryggja kjarna-hagsmuni um vöruviðskipti, búseturéttindi og loftferðamál, hvort sem Bretland gengur úr ESB með eða án samnings.

Undanfarin ár hafa EFTA-ríkin samið um fríverslun við Ekvador og Indónesíu og gert víðtækari samninga við Tyrkland. Nær þá fríverslunarnet EFTA til 40 ríkja og landsvæða utan ESB.

Ný lög um Íslandsstofu tóku gildi árið 2018 og nýtt skipulag var kynnt síðastliðið haust. Markmiðið er að gera Íslandsstofu kleift að sinna hlutverki sínu enn betur gagnvart fyrirtækjum á sviði útflutnings, fjárfestinga og ferðaþjónustu. Langtímastefnumótun Íslandsstofu miðar að alþjóðlegri sókn Íslands á markaði, byggða á samstilltu átaki atvinnurekenda og stjórnvalda.

Meginverkefni málaflokksins er að standa vörð um efnahags- og viðskiptahagsmuni Íslands erlendis. Unnið er að því með gerð og rekstri viðskiptasamninga, en þar er EES-samningurinn veigamestur, og viðskiptaþjónusta við fyrirtæki. Viðskiptaskrifstofa ráðuneytisins, Íslandsstofa og sendiskrifstofur vinna í samstarfi að viðskiptaþjónustu, ferðamálum og menningarkynningu, en sérstakir viðskiptafulltrúar eru við störf í sumum sendiskrifstofum. Þá er unnið að því að efla utanríkisviðskipti í tvíhliða-, marghliða- og alþjóðasamstarfi, m.a. á vettvangi EES, EFTA, WTO og OECD.

Megnið af þeim aðgerðum sem hér eru nefndar eru fjármagnaðar af mála-flokknum 4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála og falla undir fjárlagaviðfangið 03-101-101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Einungis Íslandsstofa er fjármögnuð af þessum málaflokki.

Markmið málaflokksins eru:

1. Að bæta aðgengi íslensks atvinnu- og menningarlífs að erlendum mörkuðum, og efla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, m.a. með fríverslunarsamningum.
2. Að styrkja kynningar- og markaðsstarf í samvinnu fyrirtækja og hins opinbera.
3. Að efla hagsmunagæslu Íslands við mótun EES löggjafar og innleiða allar reglur EES-samningsins tímanlega svo að tryggt sé að íslenskt atvinnulíf búi alltaf við sömu reglur og samkeppnisaðilar á EES-markaði.

MARKMIÐ 1

Að bæta aðgengi íslensks atvinnu- og menningarlífs að erlendum mörkuðum, og efla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, m.a. með fríverslunarsamningum

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Ánægja fyrirtækja og hagaðila með þjónustu utanríkisþjónustunnar og Íslandsstofu (á skalanum 1–5).	Unnið að þróun mælikvarða.	4,2	Ný lög um Íslandsstofu samþykkt í júní 2018. Í kjölfar var skipuð ný stjórn og sett fram aðgerðaáætlun.
Útflutningsverðmæti vöru og þjónustu sé komið yfir 2.000 milljarða króna árið 2030 á verðlagi 2012.	1.098 ma.kr.*	1.250 ma.kr.*	1.156 ma.kr.*

* Á verðlagi 2012

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Styrkja samstarf sendiskrifstofa og Íslandsstofu og efla samstarf við atvinnulífið m.a. með því að skoða hvernig Íslandsstofa getur betur kynnt Ísland sem heimahöfn rannsóknar- og þróunarverkefna í samræmi við áform ríkisstjórnar.	Á síðastliðnum tveimur árum hefur samstarf og samráð ráðuneytis og sendiráða við atvinnulíf og Íslandsstofu aukist, ekki síst frá því að breytingar á lögum um Íslandsstofu tóku gildi og ný stjórn og framkvæmdastjóri tóku við.	2017-2020
Setja á fót útflutnings- og markaðsráð sem mun marka og samþykkja langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir útflutningsaðstoð og markaðssetningu.	Ráðið tók til starfa í mars 2019.	2017-2018
Styrkja menningarstarf sendiskrifstofa í samstarfi við Íslandsstofu, mennta- og menningarmálaráðuneytið og hagsmunaaðila.	Reglulegt samráð við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Náið samráð utanríkisþjónustunnar við kynningarmiðstöðvar og hagsmunaaðila á sviði menningar- og skapandi greina.	2018
Tryggja hagsmuni Íslands í samningaviðræðum sem leiða af brotthvarfi Bretlands úr ESB í samræmi við áform ríkisstjórnar.	Búið að gera 4 samninga við bresk stjórnvöld v/ útgönguskilmála sem snerta EES og v/ varúðarráðstafanna. Verkefni heldur áfram vegna framtíðarsamninga.	2017-2018
Kynna fríverslunarsamninga fyrir atvinnulífinu og efla samráð við hagsmunaaðila.	Fundir með samtökum atvinnulífsins, SFS og fleiri vegna fríverslunarsamninga, EES og Brexit. Viðskiptasendinefndir fóru með utanríkisráðherra til Japans og Indlands vegna fríverslunarmála.	2017-2018
Setja heildarstefnu á sviði utanríkisviðskipta, m.a. með það að markmiði að styrkja net viðskiptasamninga og fjölga fríverslunarsamningum, bæði tvíhliða og í samvinnu við önnur EFTA-ríki og afnema viðskiptahindranir.	Í vinnslu. Unnið að auknum samskiptum m.a. við Japan, Bandaríkin og Kanada.	2017-2021

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Að styrkja kynningar- og markaðsstarf í samvinnu fyrirtækja og hins opinbera

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Jákvætt viðhorf og aukin vitund á völdum erlendum markaðssvæðum og markhópum gagnvart íslenskri vöru og þjónustu, áfangastað og erlendri fjárfestingu.	Unnið að þróun mælikvarða.	Ekkert viðmið sett.	Ný lög um Íslandsstofu samþykkt í júní 2018. Í kjölfar var skipuð ný stjórn og sett fram aðgerðaáætlun.

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Styrkja samstarf sendiskrifstofa og Íslandsstofu og efla samstarf við atvinnulífið m.a. með því að skoða hvernig Íslandsstofa getur betur kynnt Ísland sem heimahöfn rannsóknar- og þróunarverkefna í samræmi við áform ríkisstjórnar.	Á síðastliðnum tveimur árum hefur samstarf og samráð ráðuneytis og sendiráða við atvinnulíf og Íslandsstofu aukist, ekki síst frá því að breytingar á lögum um Íslandsstofu tóku gildi og ný stjórn og framkvæmdastjóri tóku við.	2017-2020
Setja á fót útflutnings- og markaðsráð sem mun marka og samþykkja langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir útflutningsaðstoð og markaðssetningu.	Ráðið tók til starfa í mars 2019.	2017-2018
Styrkja menningarstarf sendiskrifstofa í samstarfi við Íslandsstofu, mennta- og menningarmálaráðuneytið og hagsmunaaðila.	Reglulegt samráð við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Náið samráð utanríkisþjónustunnar við kynningarmiðstöðvar og hagsmunaaðila á sviði menningar- og skapandi greina.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Að efla hagsmunagæslu Íslands við mótun EES löggjafar og innleiða allar reglur EES-samningsins tímanlega svo að tryggt sé að íslenskt atvinnulíf búi alltaf við sömu reglur og samkeppnisaðilar á EES-markaði

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Frammistöðumat eftirlitsstofnunar EFTA sem mælir innleiðingarhalla.	Hallinn er 1%.	Innleiðingarhalli innan við 1%.	Innleiðingarhalli innan við 1%.
Allar nýjar gerðir þýddar tímanlega.	Nánast engin töf vegna þýðinga.	Engin töf á innleiðingu vegna þýðinga.	Nánast engin töf vegna þýðinga.
Fjöldi samningsbrotamála fyrir EFTA-dómstólum	EFTA-dómstóllinn kvað upp sex dóma í samningsbrotamálum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gegn Íslandi á árinu 2017.	3 mál á ári	EFTA-dómstóllinn kvað upp átta dóma í samningsbrotamálum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gegn Íslandi á árinu 2018.

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Tryggja virkari þátttöku Íslands í mótun EES-löggjafar.	Þrjár megináðgerðir, nýr EES-gagnagrunnur opnaður, fjölgun starfsmanna í sendiráði í Brussel og breyttar reglur Alþingis um þinglega meðferð EES-mála.	2017-2018
Bæta frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða.	Átaksverkefni vegna upptöku og innleiðingu EES-gerða. Viðbótarfjármagn lagt til að ráða sérfræðinga til að bæta stöðuna. Ísland var undir 1% viðmiðinu varðandi innleiðingu EES-gerða skv. frammistöðumati ESA árið 2019. Mikið hefur dregið úr upptökuhallanum árið 2018.	2017-2018
Auka samstarf við önnur EFTA-ríki á fyrri stigum upptökuferlis.	Fjölgun fulltrúa frá ráðuneytum í Brussel, mál sem þarf stöðugt að vinna að.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Samstarf um öryggis- og varnarmál

Ísland tryggir öryggi sitt og varnir með virku samstarfi við önnur ríki, einkum með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi við Bandaríkin ásamt þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og samstarfi við grannríki á sviði öryggismála. Þjóðaröryggisstefnan er leiðarljós en hún nær til virkrar utanríkisstefnu, varnarstefnu og almannaöryggis.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins leggur Ísland áherslur á pólitíska samstöðu um öryggismál, stöðugleika og sameiginlegar varnir, samhliða því að leita leiða til að draga úr spennu og byggja upp traust. Öryggismál og viðbúnaður á Norður-Atlantshafi, vopnatakmarkanir og afvopnunarmál, auk virkrar þátttöku kvenna í öryggismálum eru forgangsmál. Í samstarfi við Atlantshafsbandalagið ábyrgjumst við rekstur íslenska loftvarnakerfisins, eftirlitskerfa með hafsvæðum, samskiptakerfa, og annarra mannvirkja og búnaðar á Íslandi.

Haustið 2018 tók Ísland þátt í Trident Juncture, einni umfangsmestu varnaræfingu Atlantshafsbandalagsins um langt árabíl. Hún er til marks um breytt öryggisumhverfi á norðurslóðum og mikilvægi þess að tryggja örugga flutninga yfir Atlantshafið. Ísland tók m.a. þátt í þeim hluta æfingarinnar sem sneri sérstaklega að sívaxandi ógn í netöryggismálum. Ísland leggur áherslu á afvopnun og takmörkun vígbúnaðar og var m.a. í gestgjafahlutverki á afvopnunarráðstefnu Atlantshafsbandalagsins sem haldin var í Reykjavík síðastliðið haust.

Á sviði varnar- og öryggismála hefur samvinna Íslands við aðrar Norðurlandþjóðir, auk Bretlands, Þýskalands og Eystrasaltsríkjanna, orðið nánari og umfangsmeiri á síðustu misserum. Í samstarfi Norðurlandanna eru þessi mál einkum rekin innan vébanda norræna varnarsamstarfsins (NORDEF) en Ísland tekur þátt í borgaralega hluta þess.

Á liðnu ári störfuðu fjórtán borgaralegir sérfræðingar á vegum Íslensku friðargæslunnar, meðal annars í Afganistan, í Georgíu og í samstöðuáðgerðum í Eistlandi og Litáen. Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar tóku þátt í þjálfun íraskra sérfræðinga við sprengjueyðingu. Auk fulltrúa á vettvangi leggur Ísland til sérfræðinga í Belgíu, Bretlandi og í Bandaríkjunum þar sem þeir leggja til sérþekkingu og stuðla að því að áherslur Íslands endurspeglast í áætlanagerð og störfum bandalagsins.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Að tryggja að ávallt séu til staðar á Íslandi trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggja á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi NATO og ÖSE, og varnarsamningnum við Bandaríkin og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.
2. Að tryggja rekstur og viðhald íslenska loftvarnakerfisins og annarra kerfa og mannvirkja á Íslandi.
3. Að tryggja að til staðar sé fullnægjandi gistiríkjastuðningur, viðbúnaðargeta og öryggi til þess að taka á móti liðsauka á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.

MARKMIÐ 1

Að tryggja að ávallt séu til staðar á Íslandi trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggja á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi NATO og ÖSE, og varnarsamningnum við Bandaríkin og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Árangur í að koma íslenskum sjónarmiðum í öryggis- og varnarmálum á framfæri (á skalanum 1-5). Eftirspurn eftir gistiryími fyrir erlendan liðsafla.	Auknar áherslur á mikilvægi Íslands í öryggis- og varnarsamstarfinu hafa orðið til þess að NATO og bandalagsþjóðir hafa gert auknar kröfur um viðbúnaðargetu á Íslandi.	Áframhaldandi auknar áherslur á mikilvægi Íslands í öryggis- og varnarsamstarfinu hafa orðið til þess að NATO og bandalagsþjóðir hafa gert auknar kröfur um viðbúnaðargetu á Íslandi.	Aukning fjárheimilda íslenska ríkisins milli 2017 og 2019. Aukið framlag Mannvirkja-sjóðs NATO til verkefna hér á landi. Verklegar framkvæmdir bandaríska varnarmálaráðuneytisins hér á landi, tveir verksamningar undirritaðir. Hraðvaxandi eftirspurn eftir gistiryími.
Hlutfall fjárveitinga og styrkja til framkvæmda hér á landi úr sjóðum Atlantshafsbandalagsins og með vísan til varnarsamnings.	29%	25%	Samtals framlag Mannvirkja-sjóðs Atlantshafsbandalagsins 2018, 8,4 milljónir evra eða 63%. Bandaríska varnarmálaráðuneytið undirritaði verksamninga samtals að upphæð 25,3 milljónir Bandaríkjadala.

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Tryggja virka þátttöku Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFECO og Sp á sviði öryggis- og varnarmála og í samræmi við þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.	Í vinnslu, tekur ekki enda. NORDEFECO samskiptakerfið hefur verið tekið í notkun hér á landi.	2017-2021
Tryggja varnarsamstarfið við Bandaríkin t.d. vegna eftirlits með Norður-Atlantshafinu.	Í vinnslu, tekur ekki enda. Bandaríkin eru að byrja framkvæmdir á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli til að uppfylla þessa kröfu.	2017-2021
Tryggja nægar fjárveitingar til málaflokksins bæði frá íslenska ríkinu og NATO í samræmi við skuldbindingar.	Í vinnslu. Íslenska ríkið hefur tryggt aukningu á fjárveitingum til málaflokksins fram til ársins 2019 en eftir það er óvissa. NATO hefur komið að uppbyggingu hér á landi með fjárveitingum.	2018-2021
Uppfæra varnaráætlun NATO fyrir Noreg, Ísland og Norður-Atlantshafið og útfæra varnaráætlun fyrir Ísland. Undirbúa og taka þátt í Trident Juncture æfingum sem fara að hluta fram umhverfis Ísland.	Varnaræfingunni lokið. Annað í vinnslu. Verið er að undirbúa næstu varnaræfingar s.s. Norður víkingur 2020.	2017-2018
Fjölgun borgaralegra sérfræðinga vegna samstöðuaðgerða á vegum NATO.	Í vinnslu. Verður aldrei lokið.	2017-2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Að tryggja rekstur og viðhald íslenska loftvarnarkerfisins og annarra kerfa og mannvirkja á Íslandi

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Áreiðanleiki (e. availability) kerfa og viðhald þeirra sé í samræmi við staðla og reglur NATO (hversu hátt hlutfall af tíma kerfin virka).	Hærra en 90%.	90%	Hærra en 90%.
Fjöldi athugasemda úr gæðaeftirlitsskoðunum Landhelgisgæslu og stofnana NATO.	Mælikvarðar í undirbúningi.	Minniháttar athugasemdir.	Samanber skýrslur NATO og getum afhent skýrslur ef beiðni kemur þar um.
Fjöldi kerfa NATO sem aðgangur er að hér á landi.	Fjölgað.	Óbreytt frá 2015.	ACCS innleiðingu 60% lokið.

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Viðhalda varnarmannvirkjum og kerfum á Íslandi, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið (ACCS).	Í vinnslu, íslenska ríkið hefur tryggt fjárveitingar til viðhalds og rekstur kerfa og eru þær ásættanlegar. Verulega vantar hins vegar upp á fjárveitingar til að ná niður uppsafnaðri viðhaldsþörf mannvirkja og svæða. NATO hefur staðið við fjármögnun samanber varnarkröfur.	2017-2020
Tryggja rekstur og reglubundið viðhald tækja og kerfa sem tengjast þátttöku Íslands í samþættu loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu NATO við Ísland og eftirliti með hafinu, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið.	Er í föstum farvegi. Uppfærslur eru samanber áætlun þ.e. stjórnstöðvarkerfið hefur að hluta til verið uppfært og uppfærslur á ratsjárkerfunun verður lokið 2021.	2018-2021
Auka þjálfun og færni starfsmanna sem vinna að loftrýmisgæslu og rekstur ratsjárkerfisins.	Í vinnslu. Verður aldrei lokið.	2017-2021

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Að tryggja að til staðar sé fullnægjandi gistiríkjastuðningur, viðbúnaðargeta og öryggi til þess að taka á móti liðsauka á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Fjöldi athugasemda úr gæðaeftirlitsskoðunum Landhelgisgæslu og stofnana NATO.	Ásættanlegt.	Ásættanlegt.	Samanber skýrslur NATO og getum afhent skýrslur ef beiðni kemur þar um.
Fjöldi gistirýma innan öryggissvæðisins.	200	220	Hagrætt um 10% í núverandi gistihúsum. Fjárheimildir koma fyrst árið 2019. Útboð verður haustið 2019.

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Styrkja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands á öryggissvæðinu til að takast á við aukningu í loftrýmisgæslu og varnartengdum verkefnum.	Í vinnslu en heimildir vantar til að fjölga starfsmönnum.	2017-2020
Bæta aðbúnað, öryggi og fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum.	Í vinnslu. Verið er að undirbúa fjölgun gistirýma. Byggingaframkvæmdir hefjast 2020.	2017-2021

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Þróunarsamvinna

Meginverkefni málaflokksins er þróunarsamvinna í samstarfi við valin samstarfslönd og svæði, fjölþjóðastofnanir og borgarasamtök. Verkefnum er sinnt af þróunarsamvinnuskrifstofu ráðuneytisins, tveimur sendiskrifstofum í Afríku, í Malaví og Úganda, og fastanefndum Íslands í New York, Genf, París og Róm.

Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein meginstoð íslenskrar utanríkisstefnu og mikilvægur hlekkur í þjóðaröryggisstefnu Íslands. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós: að bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fólks með sterkari félagslegum innviðum, að bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar, að auka viðnámsþrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Kynjajafnrétti og loftslags- og umhverfismál hafa verið þverlæg málefni innan þróunarsamvinnu Íslands um margra ára skeið. Í nýrri stefnu eru þessi málefni einnig sértæk, eins og mannréttindi sem fá einnig verulegt vægi í starfi Íslands á komandi árum.

Árið 2018 kynnti ráðuneytið sérstakan samstarfssjóð um heimsmarkmiðin sem er ætlað að vera fyrirtækjum hvatning til þátttöku og framlags til þróunarsamvinnu. Til lengri tíma litið er þeim ætlað að skila árangri fyrir þróunarsamvinnu en á sama tíma eiga fyrirtæki að sjá sér langtímahag og virðisauka í slíku samstarfi.

Árið 2018 þurftu 135 milljónir manna á neyðar- og mannúðaraðstoð að halda vegna vopnaðra átaka og ofbeldis, náttúruhamfara og afleiðinga loftslagsbreytinga. Framlag Íslands til mannúðar- og neyðaraðstoðar hefur aukist frá rúmlega 232 milljónum króna árið 2015 í rúmlega 746 milljónir króna árið 2018. Íslensku fjármagni á þessu sviði er einkum ráðstafað gegnum stofnanir Sameinuðu þjóðanna eða til félagasamtaka.

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna fagnaði fjörutíu ára starfsafmæli á síðasta ári. Frá því til hans var stofnað fyrir fjórum áratugum hefur skólinn útskrifað tæplega 700 sérfræðinga frá sextíu þjóðríkjum en alls hafa Jarðhitaskólinn, Sjávarútvegsskólinn, Landgræðsluskólinn og Jafnréttisskólinn útskrifað rúmlega 1300 nemendur.

1. Að bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fólks með sterkari félagslegum innviðum, með jafnrétti að leiðarljósi.
2. Að bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar m.a. með nýtingu á íslenskri sérþekkingu.
3. Að auka viðnámsþrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu

MARKMIÐ 1

Að bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fólks með sterkari félagslegum innviðum, með jafnrétti að leiðarljósi

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Menntun: Betur búnir skólar í samstarfshéraði í Mangochi héraði í Malaví (dæmi) til að sinna grunnmenntun barna og unglunga.	Landsvísir Malaví 2012: 60% barna á grunnskólaaldri í héraðinu eru skráðir í skóla.	Verkefnaskjal 2012-2017: Bætt aðstaða í 12 skólum sem 34 þúsund börn heyra undir. 52 nýjar kennslustofur, 36 kennarahús, 48 kamrar, 96 vatnsaðstöður. Skólahúsgögn í 200 kennslustofur. Viðhald húsnæðis. Námsgögn. 60 nýir kennarar.	11 skrifstofur fyrir stjórnendur, 64 skólastofur, 500 skólaborð og -stólar, ýmis þjálfun. Úganda: 45 nýjar kennslustofur, 32 lagfærðar kennslustofur, 15 skrifstofur fyrir stjórnendur, 7 kennarahús, 5 skólaeldhús.
Heilsa: Hlutfall mæðra- og barnadauða í Mangochi héraði (Malaví).	Fjöldi mæðra sem látist hefur við barnsburð dregist saman um 40% frá 2012 til 2017.	Verkefnaskjal 2012-2017: Heilbrigðisþjónusta sem nær til 1 milljónar íbúa. Ný fæðingardeild við héraðsspítalann. 4 fæðingardeildir á heilsugæslustöðvum. 11 biðskýli við fæðingardeildir. 10 heilsuskýli í dreifbýli. 5 sjúkrabifreiðar.	5 sjúkrabílar, frágangi lokið við 4 fæðingardeildir í dreifbýli, 3 starfsmannahús, margskonar þjálfun veitt.
Vatn: Fjöldi heimila og skóla með aðgang að heilnæmu vatni og bættri salernisaðstöðu á þeim svæðum sem samstarfsverkefni nær til í Zambésía fylki.	103 nýjar og endurbættar vatnsveitur sem þjóna 40 þús. manns.	Verkefnaskjal 2014-2017: Vatn: 48 þúsund nýir notendur. Kamrar: 300 þúsund nýjir notendur. Skólar: 14 þúsund notendur með bættan aðgang.	Verkefnaskjal 2014-2017: Vatn: 48 þúsund nýir notendur. Kamrar: 300 þúsund nýir notendur. Skólar: 14 þúsund notendur með bættan aðgang. Samning lauk 2017, en undirritaður hefur verið samningur um áframhaldandi stuðning við verkefnið í Zambésíu árin 2018-2020.

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Menntun: Samstarfsverkefni á sviði grunnmenntunar í Úganda (Buikwe og Kangala) og Malaví (Mangochi).	Í Mangochi í Malaví voru byggðar 11 skrifstofur fyrir stjórnendur og 64 skólastofur. Fjárfest var í 500 skólaborðum og - stólum, og ýmis þjálfun veitt. Í Buikwe í Úganda voru byggðar 45 nýjar kennslustofur og 32 voru lagfærðar, 15 skrifstofur fyrir stjórnendur, 7 kennarahús og 5 skólaeldhús voru byggð.	2017-2018
Heilsa: Samstarfsverkefni á sviði heilbrigðisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Mangochi héraði í Malaví. Stuðningur við UNICEF í Palestínu og samstarfsverkefni UNICEF og UNFPA um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna.	Í Mangochi héraði var fjárfest í 5 sjúkrabilum, frágangi lokið við 4 fæðingadeildir í dreifbýli, 3 starfsmannahús voru reist og margskonar þjálfun á sviði heilbrigðismála var veitt. Stuðningur við UNICEF og UNFPA.	2017-2018
Vatn: Samstarfsverkefni á sviði vatns- og hreinlætisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Úganda (Buikwe) og Malaví (Mangochi). Stuðningur við UNICEF í Mósambík (Zambesía).	Teknir voru í notkun 94 vatnspóstar á árinu í Mangochi. Um 16 þúsund manns hafa því bætt aðgengi að drykkjarhæfu vatni. Unnið var með mörgum samfélögum á árinu til að bæta vitund fólks á mikilvægi salerna og almenns hreinlætis. Tvö samfélög hlutu vottun heilbrigðisyfirvalda um að öll heimili hafi aðgang að salerni og aðstöðu til handþvotta, en bætt hreinlæti hefur dregið úr niðurgangspestum frá 16% í 12%. Í samstarfi við yfirvöld í Buikwe hafa verið gerðar 30 vatnsveitur í 39 fiskiþorpum og er verið að þróa rafrænt kerfi fyrir vatnsveiturnar í héraðinu til að auka skilvirkni rekstursins.	2017-2018
Jafnréttismál: Stuðningur við Jafnréttisskóla HSP á Íslandi.	23 nemendur voru útskrifaðir úr Jafnréttisskóla HSP. Skólinn efndi til hliðarviðburðar á 62. fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna um afnám barnahjónabanda, í samvinnu við stjórnvöld á Íslandi, Malaví, Sambíu og UN Women.	2018-2023
Umhverfis- og loftslagsmál: Framlög til Græna loftslagssjóðsins og sjóðs UNFCCC fyrir fátækustu þróunarríkin. Samþætting umhverfissjónarmiða í öll verkefni.	Stuðningur veittur til Græna loftslagssjóðsins og til sjóðs til stuðnings fátækustu ríkjanna við UNFCCC. Stefnumið vegna umhverfis- og loftslagsmála verða fullmótuð árið 2019.	2018-2024

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Að bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar m.a. með nýtingu á íslenskri sérþekkingu

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Fiskimál: Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Sjávarútvegsskóla HSP og fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum á hans vegum í þróunarríkjum á ári.	21 útskrifaðir nemendur og 59 þátttakendur í styttri námskeiðum	Áætlaður fjöldi er ekki til, en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár gæti hann verið á bilinu 22-24 nemendur. Fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum er óþekktur.	24 nemendur útskrifaðir frá Sjávarútvegsskóla HSP. 45 nemendur luku styttri námskeiðum á vegum skólans.
Orkumál: Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Jarðhitaskóla HSP og þátttakendur í styttri námskeiðum á hans vegum í þróunarlöndum á ári.	23 útskrifaðir nemendur og u.þ.b. 61 þátttakandi í styttri námskeiðum.	Áætlaður fjöldi er ekki til, en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár gæti hann verið á bilinu 28-32 nemendur. Fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum er óþekktur.	24 nemendur útskrifaðir frá Jarðhitaskóla Háskóla Sp. 157 nemendur í þróunarlöndum luku styttri námskeiðum á vegum skólans.
Landgræðsla: Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Landgræðsluskóla HSP og þátttakendur í styttri námskeiðum á hans vegum í þróunarlöndum á ári.	14 útskrifaðir nemendur.	Áætlaður fjöldi er ekki til, en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár gæti hann verið á bilinu 15-17 nemendur.	17 útskrifaðir nemendur úr Landgræðsluskólanum. 49 nemendur luku styttri námskeiðum á vegum skólans.

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Fiskimál: Stuðningur við Sjávarútvegsskóla HSP á Íslandi og fiskisamstarf innan Alþjóðabankans.	24 nemendur útskrifaðir frá Sjávarútvegsskóla HSP. 45 nemendur luku styttri námskeiðum á vegum skólans. Samstarf í Vestur-Afríku á sviði sjávarútvegs mála, samstarfssamningar við Sierra Leone og Líberíu mótaðir.	2018-2023
Endurnýjanleg orka: Stuðningur við jarðhitarannsóknir í Austur Afríku, Jarðhitaskóla HSP á Íslandi, jarðhita- og orkusamstarf innan Alþjóðabankans, SE4ALL og UN Environment. Samstarf við NDF um jarðhitabjálfun í Mið- og Suður Ameríku.	24 nemendur útskrifaðir frá Jarðhitaskóla Háskóla SP. 157 nemendur í þróunarlöndum luku styttri námskeiðum á vegum skólans 2018. Yfirborðsrannsóknunum í Tansaníu og aðstoð við Djíbútí um gerð hugmyndalíkana fyrir jarðhitasvæði lauk í svæðaverkefni Austur-Afríku. Síðustu verkhlutum þess verkefnis lýkur fyrri hluta árs 2019. 30 nemendur útskrifaðir úr jarðhitanámi í El Salvador. Virkt samstarf og stuðningur við ESMAP skrifstofu Alþjóðabankans, SE4ALL og UN Environment vegna African Women's Entrepreneurship Energy Framework (AWEEF).	2018-2023
Landgræðsla: Stuðningur við Landgræðsluskóla HSP á Íslandi.	17 nemendur útskrifaðir frá Landgræðsluskóla HSP. 49 nemendur luku styttri námskeiðum og skólinn tók þátt í fjölþjóðlegu verkefni (ENABLE) sem gengur út á að framleiða námsefni á háskólastigi um landgræðslu og sjálfbæra landnýtingu sem tengir saman vist- og náttúrufræði annars vegar og viðskipta- og atvinnulíf hins vegar.	2018-2023
Jafnréttismál: Stuðningur við Jafnréttisskóla HSP á Íslandi.	23 nemendur voru útskrifaðir úr Jafnréttisskóla HSP. Skólinn efndi til hliðarviðburðar á 62. fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna um afnám barnahjónabanda, í samvinnu við stjórnvöld á Íslandi, Malaví, Sambíu og UN Women.	2018-2023
Umhverfis- og loftslagsmál: Framlög til Græna loftslagssjóðsins og sjóðs UNFCCC fyrir fátækustu þróunarríkin. Samþætting umhverfissjónarmiða í öll verkefni.	Stuðningur veittur til Græna loftslagssjóðsins og til sjóðs til stuðnings fátækustu ríkjanna við UNFCCC. Stefnumið vegna umhverfis- og loftslagsmála verða fullmótuð árið 2019.	2018-2024

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Að auka viðnámsþrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu


Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Mannúðaraðstoð: Heildarfjöldi rammasamninga við áherslustofnanir og íslensk borgarasamtök	Heildarfjöldi rammasamninga við áherslustofnanir og íslensk borgarasamtök: 4	Heildarfjöldi rammasamninga við áherslustofnanir og íslensk borgarasamtök: 6	Heildarfjöldi rammasamninga við áherslustofnanir og íslensk borgarasamtök: 8

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Jafnréttismál: Stuðningur við UN Women í Mósambík, Sýrlandi og Palestínu.	Framlög veitt til UN Women í Mósambík á sviði kvenna, friðar og öryggis, landsskrifstofu í Palestínu og Eid bi Eid verkefni í Jórdaníu sem styður við sýrlenskar flóttakonur.	2018-2023
Mannúðaraðstoð: Framlög til OCHA, CERF, UNHCR, WFP og ICRC. Rammasamningar og styrkir til borgarasamtaka og áherslustofnana. Eyrnamerkt framlög og liðsafl til áherslustofnana, ICRC, og Alþjóðabjörgunar-sveitarinnar/Landsbjargar.	Rammasamningi við Rauða krossinn lokið og við allar helstu áherslustofnanir á sviði mannúðar, 8 talsins. Unnið var skv. rammasamningum. Framlög til mannúðarmála aukin um 31%. Framlög bárust tímanlega. Sérstök áhersla lögð á stuðning við aðgerðir í Sýrlandi og nágrannaríkjum. Neyðaraðstoð veitt til Jemen og til Indónesíu í kjölfar jarðskjálfta. Fimm útsendir mannúðarliðar.	2018
Jafnréttismál: Stuðningur við Jafnréttisskóla HSP á Íslandi.	23 nemendur voru útskrifaðir úr Jafnréttisskóla HSP. Skólinn efndi til hliðarviðburðar á 62. fundi Kvinnanefndar Sameinuðu þjóðanna um afnám barnahjónabanda, í samvinnu við stjórnvöld á Íslandi, Malaví, Sambíu og UN Women.	2018-2023
Umhverfis- og loftslagsmál: Framlög til Græna loftslagssjóðsins og sjóðs UNFCCC fyrir fátækustu þróunarríkin. Samþætting umhverfissjónarmiða í öll verkefni.	Stuðningur veittur til Græna loftslagssjóðsins og til sjóðs til stuðnings fátækustu ríkjanna við UNFCCC. Stefnumið vegna umhverfis- og loftslagsmála verða fullmótuð árið 2019.	2018-2024

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Uppsöfnuð frávik frá áætlun ársins



Fjárhæðir í milljónum króna



Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Árskýrsla utanríkisráðherra

Utanríkisráðuneytið
Rauðararstíg 25 – 101 Reykjavík
545 9900 | utn@utn.is

Júlí 2019

Ábyrgðarmaður: Guðlaugur Þór Þórðarson
Umsjón: Utanríkisráðuneytið

@ 2019 – Utanríkisráðuneytið

stjornarradid.is

Ársskýrsla
utanríkisráðherra
2018